

Akureyrarbær  
Geislagötu 9  
600 Akureyri

AKUREYRARBÆR	
Mótt.:	24. 08. 2012
Málsnr.:	2012 08 0074
Lykill:	19-001



Akureyri, 5. júlí 2012  
Tilvísun: 2012060024  
MB/

## Efni: Niðurfelling vega af vegaskrá.

Með gildistöku vegalaga nr. 80/2007 var skilgreiningu þjóðvega breytt og er nú sem hér segir.

„8. gr. Þjóðvegir.

Þjóðvegum skal skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

a. Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri. Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Einnig vegir á hálandinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.

b. Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 10 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

c. Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Héraðsvegur skal aldrei ná nær framangreindum stöðum en 50 m ef hann endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

d. Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

■ 9. gr. Sveitarfélagsvegir.

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr., eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar. “

(undirstrikun mín)

Ljóst er að eftir þessa breytingu falla eftirfarandi vegir ekki lengur undir skilgreinda þjóðvegi: Hluti Borgarbrautar, Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegar, hluti Hjalteyrargötu, Silfurtangi og Laufásgata (sjá meðfylgjandi loftmynd, merkt með bláu). Mun Vegagerðin því hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á umræddum vegum frá og með 1. janúar 2013. Gefinn er kostur á að koma að athugasemdum við þessa ákvörðun fyrir 1. desember 2012.

Ef til þess kemur, að stjórnvöld ákveða að fjármagna að einhverju leyti viðhald og þjónustu þeirra vega sem féllu út af vegaskrá með gildistöku vegalaga nr.80/2007 mun sú ákvörðun einnig gilda um ofantalda vegi eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,



Birgir Guðmundsson  
Svæðisstjóri Norðaustursvæðis





Akureyri

819-01

1-p7

837-01

837-02

837-03